



Borgarráð

Úlfarsárdalur - niðurstöður útboðs - ákvörðun um nýtt útboð og höfnun tilboða.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að halda nýtt útboð á lausum lóðum í Úlfarsárdal innan tveggja mánaða frá samþykki borgarráðs og hafna tilteknum tilboðum sem boðin voru í lóðaútboði í lausar lóðar í Úlfarsárdal sem lauk 4. maí s.l.

Greinargerð: Útboðsfresti lóðaútboðs lauk þann 4. maí s.l. Gerð voru gild tilboð í byggingarrétt 70% íbúða sem í boði var að gera tilboð í. Niðurstöður þessa útboð sýna að enn er eftirspurn eftir byggingarrétti lóða og það mælir með að haldið verði annað útboð vegna samkeppnissjónarmiða. Ekki var gert gilt tilboð í byggingarrétt á einni fjölbýlishúsalóð (þrjú hús á lóð) með 46 íbúðum fyrir lögaðila og óseldur er byggingarréttur á átján einbýlishúsalóðum fyrir eintaklinga, byggingarréttur á fjórum tvíbýlishúsalóðum fyrir eintaklinga og byggingarréttur á tveimur raðhúsalóðum fyrir eintaklinga (3ja húsa raðhús).

Þá er óskað eftir að borgarráð hafni tilboðum í þrjár einbýlishúsalóðir með vísan til ákvæðis 3.4. í úthlutunar- og útboðsskilmálum fyrir Úlfarsárdal samþykktum í apríl 2018, sem segir að hægt sé að hafna tilboðum í öllum tilvikum. Eru þetta tilboð í: Gerðarbrunn 9, Sifjarbrunn 30 og Iðunnarbrunn 10. Við heildartölu á lóðum fyrir einbýlishús mun því bætast þrjú hús þar sem einungis eintaklingum er heimilað að bjóða í byggingarrétt.

Óli Jón Hertervig